



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd

Endurskoðunarskýrsla 2020

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 14</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>15 - 16</i>
<i>Notkun reikningskilaaðferða</i>	<i>17</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>18</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>19</i>

Endurskoðun ársins 2020

Akureyri, 21. maí 2021

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2020. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.



Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Niels Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is

Sími: 430 1806

Gsm: 851 1806

Óttar Ingi Oddsson

Viðskiptafræðingur

Netfang: ottar@enor.is

Sími: 430 1819

Gsm: 851 1819

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:

- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 18 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 12,9 milljónir eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 516 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2020	Áætlun m. viðaukum	2019	2020	Áætlun m. viðaukum	2019
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	334.065	321.831	318.821	327.636	315.403	312.283
Framlög jöfnunarsjóðs	141.484	129.522	185.222	141.484	129.522	185.222
Aðrar tekjur	98.268	87.994	82.957	198.410	188.178	182.249
	573.816	539.347	587.000	667.530	633.103	679.754
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	297.409	294.780	287.395	315.110	313.245	303.270
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	26.569	13.250	15.548	26.569	13.250	15.548
Annar rekstrarkostnaður	273.615	285.704	268.676	300.763	320.995	292.933
Afskriftir	24.240	24.227	21.835	42.352	42.322	39.492
	621.833	617.961	593.453	684.794	689.812	651.242
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	(48.017)	(78.614)	(6.453)	(17.264)	(56.709)	28.512
Fjármagnsliðir	4.100	8.300	3.662	(5.404)	2.400	(5.793)
Rekstrarniðurstaða ársins	(43.917)	(70.314)	(2.791)	(22.668)	(54.309)	22.719
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	52%	55%	49%	47%	49%	45%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	5%	2%	3%	4%	2%	2%
Annar rekstrarkostnaður	48%	53%	46%	45%	51%	43%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	1.003	952	1.086	990	939	1.072
Aðrar tekjur	207	186	179	419	397	393
Laun og launatengd gjöld	627	622	619	665	661	654
Annar rekstrarkostnaður	577	603	579	635	677	631
Fjármagnsliðir	9	18	8	(11)	5	(12)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 667,5 millj. á árinu 2020 og lækka um 1,8% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 5,4% umfram áætlun ársins 2020 með viðaukum.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 315,1 millj. á árinu 2020 og hækka um kr. 11,8 millj. eða 3,9%. Liðurinn er í heild um 0,6% yfir áætlun ársins með viðaukum. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga er um kr. 26,6 millj. sem er um kr. 13,3 millj. yfir áætlun. Við samanburð á launum milli 2019 og 2020 þarf að hafa í huga að laun til fyrrum sveitarstjóra sveitarfélagsins námu kr. 17,0 millj. á árinu 2019 með launatengdum gjöldum.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 300,8 millj. á árinu 2020 og hækkar um kr. 7,8 millj. eða 2,7%. Liðurinn er nokkuð undir áætlun ársins eða 6,2%.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 42,4 millj. og hækka aðeins milli ára en eru í takti við áætlun ársins.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 5,4 millj. á árinu 2020 en gert hafði verið ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu fjármagnsliða í áætlun. Vaxtatekjur voru mun lægri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun þar sem vaxtastig hefur lækkað mikið en einnig hefur verið gengið á handbært fé.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 23,8 millj. samanborið við kr. 54,3 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2020 um kr. 43,9 millj. samanborið við kr. 70,2 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta á árinu 2020 var neikvæð um kr. 22,7 millj. samanborið við kr. 54,1 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 31,4 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 56,0 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins.

Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum vegna hærri útsvarstekna og hærri framlaga frá jöfnunarsjóði, fræðslu og uppeldismálum vegna hærri tekna úr námsleyfasjóði og hærri endurgreiðslna frá öðrum sveitarfélögum, sameiginlegum kostnaði vegna nefndalauna og annarra launa og hjá félagslegum íbúðum vegna söluhagnaðar íbúða.

Helstu neikvæðu frávikin snúa að breytingu lífeyrisskuldbindinga vegna mikilla hækkana á launum opinberra starfsmanna, og fjármagnsliðum vegna lægri vaxtatekna.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á rekstrarniðurstöðu málaflokka og samanburð við áætlun ársins 2020 með viðaukum.

Frávik frá áætlun ársins 2020 (í þús kr.)	Áætlun		Frávik	Frávik %
	Rauntölur	með viðaukum		
Skatttekjur	483.749	459.554	24.195	5%
Félagsþjónusta	(46.287)	(48.405)	2.118	-4%
Fræðslu- og uppeldismál	(238.246)	(244.430)	6.184	-3%
Menningarmál	(18.336)	(18.415)	79	0%
Æskulýðs- og íþróttamál	(62.009)	(63.276)	1.267	-2%
Brunamál og almannavarnir	(6.188)	(6.776)	588	-9%
Hreinlætismál	(9.657)	(9.618)	(39)	0%
Skipulags- og byggingamál	(3.519)	(2.420)	(1.099)	45%
Umferðar- og samgöngumál	(13.476)	(15.080)	1.604	-11%
Umhverfismál	(10.638)	(9.730)	(908)	9%
Atvinnumál	(14.278)	(14.805)	527	-4%
Sameiginlegur kostnaður	(60.380)	(67.501)	7.121	-11%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(26.569)	(13.250)	(13.319)	101%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	10.510	16.050	(5.540)	-35%
Aðalsjóður samtals	(15.322)	(38.102)	22.780	-60%
Eignasjóður	(16.441)	(19.788)	3.347	-17%
Þjónustumiðstöð	(12.153)	(12.424)	271	-2%
A hluti samtals	(43.917)	(70.314)	26.397	-38%
Hafnarsjóður	(4.357)	(2.644)	(1.713)	65%
Vatnsveita	6.848	8.433	(1.585)	-19%
Félagslegar íbúðir	18.546	8.984	9.562	106%
Fráveita	7.315	8.309	(994)	-12%
Félagsheimili	(7.103)	(7.077)	(26)	0%
B hluti samtals	21.249	16.005	5.244	33%
A og B hluti samtals	(22.668)	(54.309)	31.641	-58%

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 13,4 millj. eða 4,7% milli árunna 2019 og 2020, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 1,2 millj. hækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 0,4%. Sveitarfélögin fengu greiddar bráðabirgðagreiðslur á árinu 2020 vegna frestunar á gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds en ríkið heimilaði fyrirtækjum að fresta greiðslum á árinu 2020 (mest í mars 2020) yfir á árið 2021 vegna covid. Sveitarfélagið Skagaströnd fékk greiddar kr. 16,5 millj. á árinu 2020 í slíkar bráðabirgðagreiðslur. Í upphafi árs 2021 þegar greiðslur fóru að berast frá fyrirtækjum til ríkisins vegna frestana þá greiddi fjársýslan vegna mistaka áfram til sveitarfélagana hluta af því sem var innfalið í bráðabirgðagreiðslunum sem höfðu borist á árinu 2020. Hlutdeild Sveitarfélagsins Skagastrandar í ofgreiðslunum í janúar nam kr. 8,7 millj. en einnig voru ofgreiðslur vegna desember að fjárhæð kr. 500 þús. Upplýsingar um þessar ofgreiðslur bárust frá fjársýslunni þann 15. mars 2021 í minnisblaði þar sem þessi mál eru tekin saman ásamt töflum þar sem fjárhæðir koma fram fyrir öll sveitarfélögin. Áður hafði Samband íslenskra sveitarfélaga gefið út staðgreiðsluuppgjör fyrir árið þar sem ekki er tekið tillit til uppgjors á þessum bráðabirgðagreiðslum en staðgreiðsluuppgjörin gerir ráð fyrir að bráðabirgðagreiðslurnar í heild tilheyri ekki árinu 2020. Það er nokkuð ljóst að greiðslur sem að bárust í janúar 2021 eru vegna frestana í mars 2020 og tilheyra því árinu 2020. Í uppgjori sveitarfélagsins eru þessar kr. 8,7 millj. sem að voru greiddar í janúar 2021 færðar inn á árið 2020 en vegna óvissu um innheimtu á restinni af bráðabirgðagreiðslunni þá er mismuninum frestað til ársins 2021. Upplýsingar varðandi þessi mál og meðhöndlun í uppgjori frá fjársýslunni eru óljósar og einnig virðist þetta mál ekki hafa verið skoðað sérstaklega hjá sambandinu eftir að staðgreiðsluuppgjör ársins var gefið út. Við vitum af því að meðhöndlun sveitarfélaga á þessu er eitthvað misjöfn en einhver sveitarfélög hafa frestað bráðabirgðagreiðslunni í heild yfir á árið 2021 og einhver kunna að tekjufæra hluta af henni á árið 2020 líkt og gert er í uppgjori Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka um 5,2% milli ára en gert var ráð fyrir slíkri hækkun í áætlun.

Framlög úr jöfnunarsjóði dragast saman um kr. 43,7 millj. eða 23,6% milli árunna 2019 og 2020 en gert hafði verið ráð fyrir enn meiri lækkun í áætlun. Frávikin í framlögum jöfnunarsjóðs eru mest í útgjaldajöfnunarframlaginu sem dregst verulega saman milli ára.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 15,3 millj. milli ára og eru nokkuð yfir áætlun ársins.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig tekjustofnar A-hlutans greinast samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2020	Áætlun með viðaukum	2019	2018	2017	2016
Útsvar	298.196	286.000	284.765	255.518	245.211	233.620
Fasteignaskattur, lóðaleiga ..	35.869	35.831	34.056	30.833	27.772	28.257
Framlag úr jöfnunarsjóði	141.484	129.522	185.222	168.164	153.835	139.847
Aðrar tekjur	98.268	87.994	82.957	69.017	70.587	70.456
	573.816	539.347	587.000	523.531	497.405	472.180

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 580,0 millj. á árinu 2020 samanborið við kr. 563,1 millj. á árinu 2019. Hækkunin er kr. 16,9 millj. eða 3,0%.

Útgjöld stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála hækka nokkuð eða um kr. 25,4 millj. milli ára og er launaliðurinn að hækka töluvert en greiðslur til Hjallastefnunnar hækka einnig nokkuð. Á móti þessum aukna kostnaði í fræðslu- og uppeldismálum koma styrkir frá námsleyfa sjóði og auknar endurgreiðslur frá öðrum sveitarfélögum.


Útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar, málaflokkur 21, lækka um kr. 22,7 millj. milli ára en lækkunina má að stórum hluta rekja til starfsmannabreytinga hjá sveitarfélaginu en laun til fyrrum sveitarstjóra námu kr. 17,0 millj. á árinu 2019 með launatengdum gjöldum.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

	2020	2019	2018	2017	2016
Aðalsjóður:					
Félagsþjónusta	46.943	44.040	34.906	36.183	43.222
Fræðslu- og uppeldismál	303.469	278.086	277.947	264.358	253.314
Meningarmál	18.874	19.270	16.957	16.123	19.414
Æskulýðs- og íþróttamál	69.109	66.848	61.693	47.626	48.632
Brunamál og almannavarnir	7.999	6.743	5.843	6.461	5.596
Hreinlætismál	18.893	17.376	17.759	16.929	16.388
Skípulags- og byggingarmál	3.666	3.380	4.183	1.986	1.317
Umferðar- og samgöngumál	13.476	12.687	10.226	9.052	10.097
Umhverfismál	10.638	10.179	8.746	7.827	5.508
Atvinnumál	16.266	11.078	11.325	11.943	15.852
Sameiginlegur kostnaður	70.679	93.403	75.015	58.248	46.592
	580.011	563.089	524.600	476.735	465.934
Fjármagnsliðir	(10.510)	(10.320)	(23.652)	(29.106)	(32.526)
Breyting lífeyrirsskuldbindinga	26.569	15.548	9.573	26.262	20.972
Aðalsjóður samtals	596.069	568.316	510.521	473.891	454.380

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta



Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2020	2019	2020	2019
Fastafjármunir				
Fasteignir og hafnarmannvirki	464.786	444.711	937.740	945.906
Veitukerfi	0	0	41.612	42.661
Gatnakerfi	158.829	168.666	158.829	168.666
Vélar, áhöld og tæki	51.732	22.222	53.839	23.865
Eignarhlutir í félögum	54.091	54.091	54.091	54.091
Fyrirframgreiddur kostnaður	18.804	19.586	18.804	19.586
	<u>748.242</u>	<u>709.277</u>	<u>1.264.914</u>	<u>1.254.776</u>
Veltufjármunir				
Óinnheimtar tekjur	52.504	52.227	55.530	56.702
Fyrirframgreiddur kostnaður	783	783	783	783
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	231.975	233.678	0	0
Aðrar skammtímakröfur	37.356	38.933	37.713	47.553
Handbært fé	432.959	466.968	435.368	471.276
	<u>755.577</u>	<u>792.589</u>	<u>529.394</u>	<u>576.313</u>
Eignir samtals	<u>1.503.819</u>	<u>1.501.866</u>	<u>1.794.307</u>	<u>1.831.088</u>
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	4,32	5,03	7,30	7,56
Heildareignir pr. íbúa	3.166	3.175	3.777	3.871

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 10,9 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.192,0 millj. í árslok 2020.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 8,3 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 74,9 millj. en afskriftir námu kr. 42,4 millj.

Á árinu voru seldar þrjár íbúðir hjá félagsíbúðum en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam í heild kr. 44,7 millj. á árinu.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Slökkvibifreið kr. 29,7 millj.
- Grunnskóli endurbætur kr. 10,5 millj.
- Leikskóli endurbætur kr. 3,6 millj.
- Sjóböð og laugar kr. 5,5 millj.
- Endurbætur hjá félagsíbúðum kr. 9,5 millj.
- Framkvæmdir við Fellsborg kr. 7,5 millj. og fjárfesting í búnaði kr. 1,2 millj.

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum.

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 35,9 millj. milli 2019 og 2020. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er áfram hátt en það lækkar aðeins og er 7,3 í árslok 2020.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2020	2019	2020	2019
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	1.130.715	1.166.351	1.332.625	1.347.012
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	198.347	178.006	198.347	178.006
Skuldir í íslenskum krónum	0	0	190.824	229.850
	198.347	178.006	389.171	407.856
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	22.604	21.619	22.604	21.619
Næsta árs afborganir af langtímask.	0	0	8.515	9.524
Skuldir við eigin fyrirtæki	115.748	94.204	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	36.404	41.686	41.392	45.078
	174.756	157.508	72.511	76.221
Skuldir samtals	373.103	335.515	461.682	484.076
Skuldir og eigið fé samtals	1.503.819	1.501.866	1.794.307	1.831.088
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	75%	78%	74%	74%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	-67%	-78%	-10%	-14%
Eigið fé pr. íbúa	2.380	2.466	2.806	2.848
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	785	709	972	1.023

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta lækkar um kr. 14,4 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 22,7 millj. kemur til lækkunar á eigin fé en á móti er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 8,3 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 20,3 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 6,2 millj. en gjaldfærð hækkuu kr. 26,6 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 17 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 40,0 millj. milli ára en þær voru kr. 199,3 millj. í árslok samanborið við kr. 239,4 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra eru mjög hagstæð eða á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir. Engin lántaka var gerð á árinu 2020 hjá samstæðunni.


Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var -10% í árslok 2020 sem skýrist af því að veltufjármunir voru hærri en skuldir samstæðunnar en heimilt er að draga veltufjármuni frá skuldum við útreikning á hlutfallinu.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Sjóðstreymi

Hjá A-hluta var handbært fé frá rekstri neikvætt um kr. 1,5 millj. samanborið við kr. 6,9 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2019. Í áætlun með viðaukum var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um kr. 38,3 millj. Hjá samstæðunni A- og B-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 41,2 millj. samanborið við kr. 45,6 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2019.



Handbært fé samstæðunnar nam kr. 435,4 millj. í árslok samanborið við kr. 471,3 millj. í ársbyrjun. Fjárfestingarhreyfingar ársins voru neikvæðar um kr. 30,2 millj. hjá samstæðunni og fjármögnunahreyfingar voru einnig neikvæðar um kr. 46,9 millj. Þrátt fyrir það lækkar handbært fé samstæðunnar aðeins um kr. 35,9 millj. milli ára. Engin lántaka var gerð hjá sveitarfélaginu á árinu 2020 en afborganir lána námu kr. 46,9 millj.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Tap ársins nam kr. 4,4 millj. samanborið við kr. 237 þús. í hagnað árið 2019.

Rekstrartekjur ársins voru kr. 41,4 millj. en hækkun á tekjum milli ára er óveruleg. Tekjur höfðu lækkað nokkuð milli árunna 2018 og 2019 eða um kr. 10,8 millj. og virðist sú lækkun ekki vera að skila sér til baka en aflgjöld hafa lækkað mikið þar sem stærri bátar hafa hætt að landa á Skagaströnd á undanfönum árum.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs hækka um kr. 4,8 millj. milli ára eða 11,8%. Hækkunin dreifist á launakostnað og annan rekstrarkostnað, mest vegna aðkeyprar þjónustu.

Fjárfestingar í Hafnarsjóði á árinu voru aðeins kr. 2,5 millj. og á móti þeim komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 1,6 millj.

Þrátt fyrir slakan rekstur á árinu er staða hafnarsjóðs góð í árslok 2020 og var eiginfjárlutfall hafnarsjóðs 99,7%, þ.e. aðeins óverulegar skuldir eru á hafnarsjóði. Krafa hafnarsjóðs á aðalsjóð hækkaði um kr. 13,8 millj. milli ára.

Vatnsveita og fráveita

Hagnaður var á rekstri vatnsveitu á árinu að fjárhæð kr. 6,8 millj. Rekstrarkostnaður hækkar milli ára vegna aukins viðhalds.

Hagnaður var á rekstri fráveitu á árinu að fjárhæð kr. 7,3 millj. Tekjur jukust nokkuð milli ára eða um 9,1% og er rekstur og efnahagur í ágætu jafnvægi.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri félagslegara íbúða á árinu að fjárhæð kr. 18,5 millj. samanborið við kr. 16,2 millj. hagnað árið 2019. Tekjur ársins námu kr. 39,9 millj. samanborið við kr. 40,1 millj. árið 2019. Leigutekjur lækka um kr. 2,5 millj. milli ára en söluhagnaður íbúða er heldur hærri en árið áður en bæði árin voru seldar þrjár íbúðir. Kostnaður við rekstur fasteigna lækkar milli ára vegna lægri viðhaldskostnaðar auk þess sem íbúðum hefur fækkað.

Þrjár íbúðir voru seldar á árinu og voru 21 íbúð í rekstri hjá félagslegum íbúðum í árslok 2020. Bókfært verð þessara 21 íbúða var kr. 217,7 millj. í árslok 2020 eða um kr. 10,4 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2020 kr. 236,1 millj. sem er aðeins yfir bókfærðu verði þeirra.

Áhvílandi lán á íbúðunum námu samtals kr. 199,3 millj. í árslok 2020 sem er að meðaltali um kr. 9,5 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2020.

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 7,1 millj. samanborið við kr. 6,1 millj. tap árið 2019. Tekjur voru aðeins kr. 1,4 millj. sem er sama fjárhæð og árið 2019. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir hækka úr kr. 2,1 millj. í kr. 2,9 millj.

Fjárfestingar ársins hjá Fellsborg námu kr. 8,6 millj. á árinu en haldið var áfram með endurbætur á fasteigninni auk þess sem fjárfest var í búnaði fyrir kr. 1,2 millj.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2020 neikvætt um kr. 79,3 millj. og er uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 170,0 millj. Skoða þarf í tengslum við fjárhagsáætlanagerð að bæta inn framlögum hjá aðalsjóði til þess að mæta áætluðum halla af rekstri félagsheimilisins því það gengur ekki upp að safna endalaust upp tapi hjá B-hluta félaginu. Mögulega ætti að byrja strax og taka inn sem viðauka við fjárhagsáætlun 2021 áætlaðan halla af rekstri ársins.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2020 hjá A-hluta nam kr. 4,9 millj. sem var um 8,5% af útistandandi kröfum í árslok, samanborið við kr. 8,4 millj. og 13,8% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 6,3 millj. sem var 10,1% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 10,2 millj. í ársbyrjun og 15,2%.

Bæði í árslok 2019 og 2020 voru til staðar óuppgerðar stöður vegna sölu á íbúðum sem að skýrir háa stöðu á útistandandi kröfum.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Á árinu voru færðar endanlega út kröfur að fjárhæð kr. 2,6 millj. sem að skýrir að mestu lækkun á niðurfærslu krafna milli ára.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2020 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2020	2019
Viðskiptakröfur	57.375	60.598
Niðurfærsla krafna	(4.871)	(8.372)
Viðskiptakröfur nettó	52.504	52.227
Niðurfærsla í %	8,5%	13,8%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2020	2019
Viðskiptakröfur	61.801	66.873
Niðurfærsla krafna	(6.271)	(10.172)
Viðskiptakröfur nettó	55.530	56.702
Niðurfærsla í %	10,1%	15,2%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 54,1 millj. í árslok. Engin breyting er á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og ekki þótti ástæða til þess að hreyfa við niðurfærslu eignarhluta á árinu.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2020.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2020	31.12 2019
Ámundakinn ehf	10.250	10.250
Hólanes ehf	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Sjávarlíftækni- og Biotekni ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.885	1.885
Niðurfærsla eignarhluta	(24.500)	(24.500)
	<u>54.091</u>	<u>54.091</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Samkvæmt álit frá reikningsskilanefnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2020 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 160,0 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Nokkur hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2020 og 2021 og er færð matsbreyting á lóðir og lendur að fjárhæð kr. 8,3 millj. á árinu 2020 sem að endurspeglar þá hækkun. Endurmatsbreyting á lóðum og lendum kemur ekki í rekstur heldur er hún færð yfir eigið fé.

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hluttur sveitarfélagsins er áætlaður 53% sem er sama hlutfall og undanfarin ár. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sveitarfélagsins er endur-reiknuð hlutdeild sveitarfélagsins þó heldur hærri eða 57,0%. Það gæti því þurft að hækka þessa hlutdeild við uppfærslu á skuldbindingunum á næstu árum.

Hækkun lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu 2020 nam kr. 26,6 millj. en á móti til lækkunar koma greiðslur ársins að fjárhæð kr. 6,2 millj. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði mikið eða um 9,2% milli ára sem endurspeglar miklar launahækkanir sem hafa orðið milli árunna 2019 og 2020.

Skuldbinding vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð var greidd upp á árinu 2018 og færð upp staða undir fyrirframgreiddum kostnaði sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum í samræmi við álit reikningsskilanefndar sveitarfélaga.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er þó að okkar mati að minnast á þetta í endurskoðunarskýrslunni og benda á að aðrar eftirlitsaðgerðir þurfa að koma til móts við þetta, m.a. aðhald sveitarstjóra með starfsmönnum í bókhaldi og eins aðhald sveitarstjórnar með rekstrinum.

Starfsmenn sveitarfélagsins hafa verið að bæta við þekkingu sína á fjárhagskerfinu sem var tekið upp fyrir nokkrum árum og nýta frekar þá möguleika sem kerfið býður upp á. Bókhald sveitarfélagsins er nú unnið mun lengra fyrir uppgjör en það var áður og er það okkar skoðun að bókhaldið sé almennt í mjög góðu horfi.

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Sveitarfélagið hefur tekið upp rafrænt samþykktarferli í fjárhagskerfinu en farið var yfir samþykkt reikninga samhliða úrtaksskoðun á kostnaði. Nokkur frávik komu fram við yfirferð á samþykktarferlinu í ár en það sem helst þarf að skoða er að bókarari sem hefur heimild til þess að samþykkja rútinu- og samningsbundinn kostnað klári samþykktina í kerfinu áður en hann bókar kostnaðinn.

Launaferli

Farið var yfir lykilkætti í launaferlinu samhliða úrtaksskoðun á launum. Launamál virðast almennt vera í góðu lagi, gott skipulag er á launavinnslu og launagögnum. Öll samskipti og gögn vegna launavinnslu sýnileg í launamöppu. Miklar launahækkningar eru milli ára og var farið sérstaklega yfir hækkun launa og samanburður gerður við launatöflur samkvæmt kjarasamningum. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Lykilkættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstíllUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um uppgjör eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli Enor eða starfsmanna Enor og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.